

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um lögfræðialit um lögmæti gengistryggðra lána.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur ráðuneytið aflað lögfræðialits (eins eða fleiri, innan eða utan húss) um lögmæti gengistryggðra lána?
2. Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?
3. Ef svo er:
 - a. hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu og
 - b. var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?

Skriflegt svar óskast.